

## FUNDARGERÐ

259. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 30. ágúst 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Mörður Áslaugarson, Rósa Kristinsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Práinn Óskarsson. Aron Ólafsson og Marta Guðrún Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 258 var borin upp og samþykkt.

### 2. Fjármál

Forstöðumaður fjármála kynnti afkomu RÚV fyrir maí, júní og júlí. Greint var frá því að vinna standi yfir vegna árshlutauppgjörs og var afkoma júní og júlí kynnt með fyrirvara um að einhverjar breytingar gætu orðið á uppgjörinu. Tekjur eftir sjö mánuði séu 110 m.kr. yfir áætlun en rekstrarkostnaður fyrir afskriftir sé kr. 57 milljónum hærri en áætlað var. Hagnaðursamstæðunnar fyrir afskriftir sé 555 m.kr. Afskriftir séu skv. áætlun en fjármagnsliðir séu 184 m.kr. hærri en áætlað var vegna hækunar verðbóta á LSR lán. Niðurstaða fyrstu sjö mánaða ársins sé því sú að afkoman sé 29 m.kr. fram úr áætlun.

### 3. Kynning sviða. Dagskrádeild sjónvarps

Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri sjónvarps og Agnes Wilde teymisstjóri barna- og ungmenningarþjónustu kynntu dagskrá vetrarins og helstu áherslur.

### 4. Minnispunktar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu í samningaviðræðum RÚV og STEF um endurnýjun á samningi um notkun tónlistar í öllum miðlum RÚV. Samningaviðræður hafa staðið yfir í nokkur ár og fyrir rúmu ári var þeim vísað til úrlausnar sérstakrar úrskurðarnefndar. Sáttaumleitanir hafa verið í gangi af hálfu aðila undanfarna mánuði og voru drög að samningi kynnt á fundinum. Óskað var eftir heimild stjórnar til að ganga frá endanlegum samningi. Stjórn samþykkti að veita útvarpsstjóra umboð til að rita undir samninginn.

Eftirfarandi bókun var sett fram í tengslum við afgreiðslu þessa máls:

Ingvar S. Birgisson, Rósa Kristinsdóttir og Mörður Áslaugarson veita fyrir sitt leyti samþykki fyrir því að útvarpsstjóra sé veitt umboð til að ganga frá endanlegum samningi við STEF á grundvelli framlagðra draga. Þó er óskað eftir því að stjórn verði við fyrsta tækifæri send lögfræðileg alít sem vísað var til í rökstuðningi útvarpsstjóra fyrir nauðsyn þess að gengið verði til samninga við STEF á grundvelli framlagðra samningsdraga.

Útvarpsstjóri gerð grein fyrir niðurstöðum Fjölmíðlanefndar, sem tók til skoðunar birtingu viðskiptaboða frá versluninni Svens á RÚV. Ábendingar höfðu borist Neytendastofu að um væri að ræða auglýsingar fyrir nikótínvorur. Voru þær ábendingar framsendar Fjölmíðlanefnd. Niðurstaða hennar var að tvær af þeim auglýsingum sem um var að ræða teldust viðskiptaboð fyrir nikótínvorur og RÚV hafi því brotið gegn ákvæði fjölmíðlalaga með miðlun þeirra. Fallið var frá sektarákvörðun þar sem ekki hafði áður reynt á þetta bann. Útvarpsstjóri upplýsti einnig um kvörtun Votta Jehóva til Fjölmíðlanefndar, annars vegar um að trúfélagið hefði ekki fengið tækifæri til andsvara vegna umfjöllunar um félagið fyrir á þessu ári í útvarpi og sjónvarpisbr. 36. gr. fjölmíðlalaga og hins vegar var

DAR WAT HE  
SÓ - 13B

kvartað yfir umfjölluninni í heild sinni á grunni 26. gr. fjölmiðlalaga. Niðurstaða nefndarinnar var að andsvör trúfélagsins hefðu farið yfir þau mörk í tíma og lengd sem nauðsynlegt geta talist til að leiðréttu staðreyndir máls og því var neitun RÚV ekki í andstöðu við 36. gr. fjölmiðlalaga. Niðurstaða varðandi hinn hluta kvörtunar trúfélagsins var að ekki væru forsendur til að taka kvörtunina til efnislegrar meðferðar.

Útværpsstjóri upplýsti um skipun menningar- og viðskiptaráðherra á þriggja manna starfshópi um málefni RÚV. Starfshópnum er ætlað að skoða mögulegar leiðir og tillögur sem snúa að auglýsingadeild RÚV og möguleika á því að létta lífeyrisskuldbindingum RÚV við Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hópurinn hefur tekið til starfa og á að skila tillögum sínum um miðjan nóvember til ráðherra.

Útværpsstjóri gerði grein fyrir því að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefði sagt upp samningi við RÚV um táknmálstúlkun kvöldfréttu á RÚV. Ástæðurnar voru af ýmsum toga og snenu m.a. að því að gjaldskrá félagsins sem unnið er eftir samkvæmt samningnum hefði ekki verið uppfærð um árabil. Unnið er að því að finna aðra lausn á táknmálstúlkun þannig að ekki verði rof á þessari þjónustu, sem mælst hefur afar vel fyrir.

Útværpsstjóri gerði að lokum grein fyrir væntanlegu útværpsþingi sem haldið verður 28. september nk., viðræðum við FÍH um nýjan samningi og stöðu dreifikerfismála og stöðu á uppbyggingu FM kerfisins um landið.

##### 5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd og fundi slitið.

Silja D. Gunnarsdóttir  
Ingvor B. Birgisson  
Jón Óskarsson  
  
Thórey Þ. Þ.,  
Dís Þ. Ámundur Þóðgeir  
Rósa Kristinsdóttir